

Tillaga til rökstuddrar dagskrár

í málinu: Frv. til l. um brottfall laga nr. 17/1997, um Flugskóla Íslands hf.

Frá Jóni Bjarnasyni.

Bóklegt nám til að öðlast réttindi til að stjórna flugförum á ekki síður en bóklegt nám til vélstjórnarréttinda og skipstjórnarréttinda að heyra undir menntamálaráðuneytið. Með frumvarpi til laga um brottfall laga um Flugskóla Íslands hf. er hins vegar lagt til að fella úr gildi einu lögin sem fjalla um það hvernig bóklegri menntun flugmanna skuli háttáð.

Í núgildandi lögum um Flugskóla Íslands hf. er fólgið aðhald sem ekki er innifalið í aðhaldi Flugmálastjórnar. Þá samræmist sú ráðagerð að fella brott lög um Flugskóla Íslands hf. ekki því markmiði að ávallt skuli þess freistað að tryggja almennt flugöryggi eins og nokkur kostur er hverju sinni.

Með vísan til framanritaðs samþykkir Alþingi að **vísa frumvarpinu frá** og taka fyrir næsta mál á dagskrá.